

# HEIMIR



VI. árgangur

WINNIPEG, 1909.

4. blað.

## GLEÐILEG JÓL!

Jóliu eru mesta gleðihátíð ársins, eða það hafa siðir og venjur að minsta kosti gert þau á meðal vor Íslendinga.

Hvers vegna fagna menn altaf jólunum, ungir og gamlir?

Það má óhætt fullyrða að hjá fjöldanum eigi jólafögnuðurinn næsta lítið skylt við trúarskoðanir, heldur sé blátt áfram fögnuður yfir lífsgæðum, verulegum eða ímynduðum, sem menn þá verða aðnjótandi.

Líklega er ekkert til sem veitir mönnum jafnmikið af saklausri og innilegri gleði og það sálarástand, sem nefnt er samhygð. Samhygð þýðir, að vera hluttakandi í kjörum annara, að gleyma sjálfum sér og sínum eigin högum af umhugsun um það sem myndar hagi og kringumstæður þeirra, sem í kringum mann eru.

Í daglega lífinu er oft lítið af samhygð. Baráttan fyrir tilverunni, eins og henni er yfirleitt farið snýr huga einstaklingsins að honum sjálfum og því sem hans eigin hagi myndar. Menn hafa lítinn tíma til að hugsa um nokkuð annað en þessi vanalegu skyldustörf, sem hjá flestum eru á einhveru hátt það sama og að afla sér nauðsýnja lífsins.